

Fimmtudaginn 14. desember 1995.

Nr. 410/1995.

G.P.-verktakar hf.

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

gegn

Reykjavíkurborg

(Hjörleifur Kvaran hrl.)

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 30. nóvember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. desember sl. Kæruheimild er í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og fallist á kröfu sína um, að Sigríði Ólafsdóttur héraðsdómara og meðdómsmanninum Ragnari Ingimarssyni verði gert að vikja sæti í málinu. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með dómi Hæstaréttar frá 22. júní 1995 í málinu nr. 407/1994 var felldur úr gildi dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli þessu, upp kveðinn 24. júní 1994, og meðferð málsins ómerkt frá og með þinghaldi 13. apríl sama ár. Var talin vera ástæða til, að draga mætti í efa óhlutdrægni annars meðdómsmanna í héraði, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991, sökum tengsla verkfræðistofu hans og fyrirtækis, sem annaðist hönnun og gerð útboðsgagna fyrir varnaraðila og eftirlit með verki því, sem deilt er um í málinu. Í kjölfarið krafðist sóknaraðili þess, að aðrir dómendur í málinu vikju sæti, og var þeirri kröfu hafnað með hinum kærða úrskurði.

Sóknaraðili heldur því meðal annars fram, að dómsformanni og meðdómsmanninum Ragnari Ingimarssyni hafi við fyrri meðferð málsins verið kunnugt um tengsl hins meðdómsmannsins við umrætt fyrirtæki og umfangsmikil störf hans í þágu varnaraðila. Þessu hafi verið haldið leyndu fyrir sóknaraðila, og því verði með réttu

dregin í efa óhlutdrægni þessara dómenda, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að fyrrnefndum dómendum hafi verið kunnugt um aðstæður, sem leiddu til vanhæfis meðdómsmannsins, eða annað það, sem gaf tilefni til að draga óhlutdrægni hans í efa. Þegar af þessari ástæðu verður ekki fallist á kröfu sóknaraðila. Verður hinn kærði úrskurður samkvæmt því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. nóvember 1995.

Þegar tekin var ákvörðun um að kveðja til setu í dómi þessum meðdóm- andan Gunnar Torfason, kom sú tillaga frá öðrum hvorum lögmanni aðila, enda þekkti dómsforseti ekki til hans áður. Var lögmonnum gefinn kostur á að kynna sér hæfi hans, áður en hann var kvaddur til setu í dómnum. Taldi dómurinn víst, að þeim væri kunnugt um, að meðdómmandinn starfaði í sama húsi og Línuhönnun hf. Þá taldi dómurinn, að tengsl hans við Línuhönnun hf. væru ekki þess eðlis, að vanhæfi gæti valdið, enda dómnum ekki kunnugt um önnur tengsl meðdómmandans við Línuhönnun hf. en sam- eiginlegt hús.

Þegar fyrri störf meðdómmandans Gunnars Torfasonar fyrir Reykjavíkurborg komu til tals innan dómsins, var það álit dómsins, að þau yllu ekki vanhæfi meðdómmandans, enda hafði hann ekki með höndum nein störf fyrir Reykjavíkurborg á þeim tíma, og fyrri störf eru ekki talin valda vanhæfi dómenda, enda sé ekki um önnur tengsl milli aðilanna að ræða.

Um aðrar vanhæfisástæður meðdómmandans Gunnars Torfasonar var dómendum ekki kunnugt.

Varðandi fullyrðingu um ætlaða umsögn dómsformanns um dóm Hæstaréttar frá 22. júní sl. er ekki rétt eftir dómáranum haft og enda ekki í sam- ræmi við álit dómans.

Samkvæmt framansögðu er hafnað kröfu stefnanda um, að dómendur víki sæti.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu stefnanda um, að dómendur víki sæti, er hafnað.